



# AGNIÐ

Fréttabréf SVH

Jan 2013

1. tbl. 20. árg.

## Meðal efnis:

### **Veðiileyfin**

- Nú er um að gera að sækja um

### **Aðalfundurinn**

- Muna að mæta

### **Uppskriftin**

- Jú hún er á sínum stað

### **Pistil formanns**

- Jú hann er þarna líka

### **Opnu húsinn**

- Dagskráin jú jú - hún er líka

## Takið Eintak



- Hér fyrir ofan og til hliðar:
- Að ofan: Frá síðasta aðalfundi, handaupprétting að “rússneskum” sið. Vonum að komandi aðalfundur verði jafn vel sóttur.
- Til hliðar: Hvaða leynivopn verða nú dregin upp úr töskum þetta árið? Eru ekki allir komir í startholur með vopnin?

## Munið aðalfund SVH 9. febrúar Upplýsingar á bls: 4

# Uppskriftin

## Heitreikt silungarúlla eða bollur

### Hráefni:

600 gr heitreykt  
bleikja  
2 búnt steinselja  
100 gr heslihnetur  
2 rauðar paprikur  
2 laukar  
100 gr rjómaostur  
8 tsk sherry  
4 tsk soja sósa  
2 tsk sítrónusafi

### Aðferð:

Saxið saman heslihnetur og steinselju og geymið. Mixið saman fiskinn, paprikur og lauk í matvinnsluvél. Blandið út í rjómaosti, sherry, soja sósu og sítrónusafa. Hrærið vel saman. Ef þið ætlið að bera þetta fram eitt og sér er best að móta rúllu úr þessu, velta henni upp úr hnetum og steinselju, setja á bakka og kæla. Ef nota á þetta t.d. í forrétt, er gott að móta litlar "bollur" úr þessu, setja á disk og strá hnetum og steinselju yfir, kæla síðan. Meðlætið með þessu þarf að vera frekar ferskt, t.d. blanda af ávöxtum eins og papaya, ananas eða slíku.

*Allt hráefnið fæst í Fjarðakaupum*

The logo consists of the letters 'FK' in a bold, white, sans-serif font, centered within a dark grey rectangular background. The background has semi-circular cutouts on the left and right sides, resembling a film strip or a window frame.

# FJARÐARKAUP

*Verslun Veiðimannsins*

# Formaðurinn

*Gleðilegt ár kærur félagar*

Svona í byrjun árs eru flestir veiðimenn farnir að velta fyrir sér hvernig næsta sumar verður. Fjölmíðlar hafa haft samband hver á fætur öðrum þar sem menn eru almennt að spá í hversu mikill samdráttur verði hjá veiðileyfasölum. Auðvitað er það kannski ekki svo skrítið, þar sem bæði lax- og silungsveiðin á síðasta ári var í sögulegu lágmarki. Þar sem við erum ekki búin að klára okkar umsóknaferli þá fengu þeir lítil svör. Það er nefnilega þannig að það eru uppi svo margar getgátur um ástæður aflaleysis og erfitt að ákveða nokkuð. En eigum við að láta þetta draga úr veiðihuganum okkar? Held að það sé betra að horfa á hvert veiðisumar sem nýtt upphaf. Við sem erum haldin þessari svokallaðri veiðidellu, fáum ekkert við ráðið hvernig úr rætist hvort sem er.



Tíminn fram að vori verður örugglega eins og áður notaður til þess að yfirfara veiðigræjur og hnýta sér flugur sem gætu orðið leynivopn sumarsins. Ég held að veiðimenn muni sækja miklu meira í silungsveiðina þar sem verði er stillt í hóf og fjölskyldur geti farið meira saman. Við mætum auðvitað á opnu húsin og höldum okkar striki í undirbúningnum fyrir sumarið enda erum við ekkert hætt að veiða. Kannski fæðist einhver fluga sem á eftir að gefa einhverjum marga fiska í því liggur eftirvæntingin! Með þessu blaði fyrir svo umsóknarblað um veiðileyfi, en ákveðið hefur verið að hækka ekki verðið á leyfum í vötnin sem við höfum til umráða, þrátt fyrir hærri rekstrarkostnað. Svo vona ég að sem flestir taki þátt í keppninni um Efnilegustu Silungafluguna enda margir góðir hnýtarar í röðum félagsmanna.

*kv. Vilborg R*

# Aðalfundur SVH 2013

Aðalfundur Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar verður haldinn laugardaginn **9. febrúar 2013, kl. 13:00** í samkomusal félagsins að Flatahrauni 29.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf og lagabreytingar.

Framboð til stjórnar og varastjórnar:

Samkvæmt lögum félagsins skal skila skriflegum framboðum til setu í stjórn SVH.

**Þann 2.2.2013 þurfa því framboð að vera komin til félagsins.**

Félagar eru hvattir til að mæta.

Kaffi og vöffur að loknum aðalfundarstörfum

Stjórn SVH



Vöffur og rjómi á aðalfundi

# Ritstjórinn

# AGNIÐ

Útg.: Stangaveiðifélag Hafnarfjarðar.  
Flatahrauni 29, 200 Hafnarfjörður.

Sími: 5654020

Netfang stjórnar: stjorn@svh.is  
Netfang ritstjórnar: webmaster@svh.is

Veffang: www.svh.is

Ábyrgðaraðili: Vilborg Reynisdóttir

Ritstjórinn: Ævar Ágústsson

Sími: 6699240

Að vanda á þessum árstíma þegar fyrsta blað okkar er að verða tilbúið er farið að huga að væntanlegum veiðisvæðum sumarsins. Ég er ávallt með nokkra fasta punkta "í tilverunni" - þar sem farið er á heiðar landsins til veiða. Þar er dögnum eytt í göngur og veiði í góðum félagsskap. Hvenær sólhrings er veitt ræðst oft af veðri - aflabrogðum og hvernig stuði mannskapurinn er í. Stundum eru aflatölur



nokkuð góðar, stundum koma dagar þar sem fjöldi fiska er í daprari kantinum. Í þessum ferðum er oft einn veiðifélagi sem hefur m.a. verið sumarlangt í Býskalandi. Hann hugðist það sumar "bregða sér í veiði". Hélt að þetta væri eins og hér, einfalt að útvega sér leyfi, græja búnað og halda til veiða. En svo var ekki. Hann komst að því að þar þyrfti að taka próf áður en haldið er í veiði. Læra að þekkja allar (fjórar) tegundir í vötnum og svo mátti hver veiðimaður einungis veiða einn fisk af hverri tegund yfir árið.

Ég var mjög hugsuð yfir þessu, einn af hverri tegund, í okkar landi væru það þá ein bleikja og einn urriði (kannski einn sjóbirtingur líka). Ég væri þvítíkur brotamaður héraðs - margoft, því maður verður hreinlega full ef ekki eru a.m.k. tíu stk að lágmarki í bakpokanum eftir hvern dag, helst nær næsta tug.

Það færi sennilega hrollur um margan veiðimanninn ef slíkar takmarkanir yrðu settar á okkur veiðimenn. Ég reyni ávallt að vera hófsamur við veiðar, hef ákveðið "mottó" - ef ég ætla ekki að borða það sem ég veiði, þá sleppi ég því.

Fínt að hafa það í huga í komandi veiðiferðum.

*Kveðja;  
Ævar*



- Frá sleppingu í Djúpavatn. Það er ekki alltaf sól og blíða þegar verið er að "stússa" fyrir félagið.

(Myndir Vilborg Reynisdóttir)



# Vetrardagskrá SVH 2013

Þetta er ávallt á fimmtudögum. Húsið opnar kl.: 20:00 og er opið öllum.

24. janúar - fim.	Hnýtingar og spjall
31. janúar - fim.	Björgvin Gíslason mætir og hnýtir með félögum
7. febrúar - fim.	Opið hús - hnýtingar og spjall
14. febrúar - fim.	Kynning
21. febrúar - fim.	Opið hús - hnýtingar og spjall
28. febrúar - fim.	Kynning, Kleifarvatn, rannsóknir og umræður
7. mars - fim.	Opið hús - hnýtingar og spjall
14. mars - fim.	Kynning, Hlíðarvatn, rannsóknir síðasta sumars
21. mars - fim.	Opið hús - hnýtingar og spjall
4. apríl - fim.	Opið hús - hnýtingar og spjall
11. apríl - fim.	Kynning
18. apríl - fim.	Opið hús - hnýtingar og spjall
<b>24. apríl - mið.</b>	<b>Lokahóf, kvöldið fyrir sumardaginn fyrsta</b>

*Kveðja  
Nefndin*

---

## SVH - póstlisti / póstsendingar

Við hjá SVH reynum ávallt að senda út upplýsingar um opin hús og aðra viðburði með tölvupósti vel í tíma.

Við höfum notað þau netföng sem skráð eru hjá ykkur í félagaskrá okkar - ásamt því sem bætst hefur við undanfarin ár.

Það er ávallt eitthvað um að aðilar skipti um netföng, sérstaklega ef skipt er um vinnu - eða aðrar breytingar verða.

**Við viljum því beina því til ykkar að senda okkur sem allra fyrst póst á [svh@svh.is](mailto:svh@svh.is) ef netföng breytast hjá ykkur.**

Ekki væri verra ef allir sem lesa þetta og hafa ekki fengið þessa pósta frá okkur sendi póst svo hægt sé að uppfæra / laga netfangskránnu okkar.

Þið sendið póst á [svh@svh.is](mailto:svh@svh.is) með nafni og jafnvel félagsnúmeri ef þið munið það.

Stjórn SVH

# Unglingastarf SVH

Kæru félagar.

Unglingastarf Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar var starfrækt síðasta vor með góðum árangri. Annað hvert þriðjudagskvöld mættu áhugasamir unglingar, stúlkur og drengir full áhuga á að kynnast heimi fluguhnýtinganna. Mikið fjör og skemmtilegar umræður fóru fram. Í lok námskeiðsins voru sendar inn flugur í keppnina uSVH. (unglingastarf Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar). Í fyrsta sæti var fluga frá Ómari Smára Óttarssyni og í öðru sæti var fluga frá Freydísi systir hans. Mikið af fallegum flugum voru sendar inn og mikil eftirvænting var hjá þátttakendum. Í september var farið í sólarhringsferð að Djúpatatni með hópinn. Ekki fór mikið fyrir veiðinni í það skiptið en við munum gera betur næst. Mikið var um veiði- og draugasögur um kvöldið. Mikið borðað af góðum mat og meðlæti. Þar eiga Fjarðarkaup og Kökulist í Firðinum bestu þakkir fyrir.

Núna eftir áramót verður áframhald á þessu námskeiði, einnig verður boðið upp á námskeið fyrir byrjendur.

Nú er svo komið að tækin okkar eru að ganga sitt síðasta skeið. Mig langar að biðla til þeirra sem geta lagt okkur lið með tækjum : s.s. öngulheldum, skærum, keflishöldum. Ekki væri verra ef einhver gæti séð af önglum og hnýtingatvinna.

Nokkrir félagsmenn komu með efni í vor til okkar og eiga þeir bestu þakkir fyrir.

Ekki væri nú leiðinlegt ef einhverjir af okkar félögum kæmu í heimsókn og gæfu okkur nokkur góð ráð við hnýtingarnar.

Kveðja María Petrína

# UMSÓKN VEIÐILEYFA

Hér með fylgir umsóknareyðublað fyrir veiðileyfi á veiðisvæðum félagsins sumarið 2013. Athugið að tilgreina skal nákvæmlega þann dag/daga, sem óskað er eftir, en í athugasemdum má taka fram, hvaða annar dagur eða tímabil komi til greina. Við úthlutun er tekið tillit til, hversu margir félagar sameinast í umsókn um ákveðinn dag. Af gefnu tilefni er bent á, að erfiðlega getur reynst að uppfylla óskir þeirra félaga, sem sækja einir um fleiri en eina stöng í Hlíðarvatni á eftirsóttum tíma. Annað sem verður að benda er að ekki er lengur heimilt að skila stökum stöngum úr heilum hollum. Geti menn ekki nýtt sér það sem þeir sækja um og fá, verða þeir sjálfir að sjá um að losna við stöngina sína.

***Vinsamlegast skráið heima- og vinnusíma á umsóknina ásamt tölvupóstfangi!***

***Skilafrestur er til laugardags  
9. febrúar 2013 á aðalfundi félagsins***

***ATH - ATH - ATH***

***Ekki verður tekið við umsóknum eftir þann tíma.***

**ATHUGIÐ! Einungis skuldausir félagar geta sótt um. Við minnum á að þeir sem sækja um og kaupa leyfi hjá félaginu eiga einnig kost á að kaupa sumarkort í Kleifarvatn á kr. 2.000**

**Auk þessa verður Veiðikortið 2013 til sölu við úthlutun hjá okkur. Verðið er kr. 6.000**





# Hlíðarvatn

## **HLÍÐARVATN í Selvogi, bleikjuveiði**

Þetta frábæra veiðivatn í einungis 45 mínútna fjarlægð frá Hafnarfirði og hefur um árabil verið eitt virtasta og gjöfulasta veiðivatn landsins, leyfilegt agn: **Fluga og spúnn.**

Félagið hefur til umráða fimm stangir á dag og er veiðitíminn frá 1. maí til 30. september. Verð á stöng er mismunandi eftir tímabilum. Í maí, júní og júlí er verðið kr. 5.000 á virkum dögum og kr. 6.000 um helgar. Í ágúst og september er verðið kr. 3.000 á virkum dögum og kr. 4.000 um helgar. Afnot af mjög góðu húsi eru innifalin og **má koma í hús og hefja veiði kl. 18:00 að kvöldi fyrir skráðan veiðidag og ljúka skal veiði og skila hreinu húsi fyrir kl. 18:00 á skráðum veiðidegi.**

Eftirfarandi dagar **eru ekki til úthlutunar núna 2013:**

11. maí, 20. júní, 13. og 14. júlí, 14. og 17. ágúst, 4. og 5. september.

Síðustu helgina í apríl ár hvert er farið austur að Hlíðarvatni til hreinsunar á fjörum og landi, nú er það helgin 27.4. til 28.4. Félagsmenn eru hvattir til að mæta í þá ferð.



# Djúpavatn

## **DJÚPAVATN á Reykjanesi, bleikja og urriði**

Sannkölluð fjölskylduparadís við túnfótinn, ½ tíma akstur frá Hafnarfirði, veiðihús með 8 – 10 svefnplássum, gott útigrill og fallett umhverfi. Ekki er takmarkaður stangarfjöldi og heimilt að veiða af bát. **Athugið að ef sótt er um samliggjandi helgardaga, þá eru föstud. - laugard. saman og sunnud. - mánud. saman.**

Verð fyrir húsið og allt vatnið er eftirfarandi:

14.000 kr. á dag á virkum dögum og 17.000 kr. á dag um helgar.

Gilda sömu reglur um komu í hús og fyrir Hlíðarvatn, þ.e. **koma má í hús og hefja veiði kl. 18 að kvöldi fyrir skráðan veiðidag og ljúka skal veiði og skila hreinu húsi fyrir kl. 18 á skráðum veiðidegi.**

Eftirfarandi dagar **eru ekki til úthlutunar núna 2013:**

19. júní, 18. júlí, 14. og 15. september.

Veiðitímabil er frá 15. maí til 25. september. Á hverju sumri er sleppt talsverðu af vænum fiski í vatnið, svo verður einnig núna.



- Við Djúpavatn í blíðskapar veðri.

# Kleifarvatn

## **KLEIFARVATN, bleikja og urriði**

Seld verða sumarkort og veiðileyfi einstaka daga eins og áður. Verð sumarkorta, sem seld eru á skrifstofunni, er kr. 2.000 en kr. 3.000 til utanfélagsmanna og kr. 1.000 fyrir 67 ára og eldri. Sumarkort seld annarsstaðar kosta kr 3.000.

# Steinsmýrarvötn

Steinsmýrarvötn er skemmtilegt fjöggra stanga veiðisvæði í Skaftárhrepp, rétt við Kirkjubæjarklaustur. Vötnin samanstanda af tveimur vötnum og svo lækjum sem renna á milli þeirra. Steinsmýrarvötn eru staðsett fyrir neðan bæinn Syðri – Steinsmýri og er göngufæri frá veiðihúsinu að vötnunum.

Í Steinsmýrarvötnum er staðbundin bleikja og urriði ásamt sjóbirtingi og sjóbleikju. Frábær vorveiði er í vötnunum og eru sum hollin að fá allt upp í 80 fiska í holti. Í júní og júlí veiðist vel af urriða og bleikju. Bleikjan er gríðarlega væn og meðalþyngd á henni hefur verið rúm 3 pund. Í ágúst byrjar svo sjóbirtingur að ganga og eru oft vænir sjóbirtingar 8-10 pund innan um.

**Veiðihús:** Gott veiðihús fylgir Steinsmýrarvötnum.

**Við bendum áhugasömum á að fara á söluvef okkar [leyfi.is](http://www.solvuf.is) fyrir nánari upplýsingar og upplýsingar um laus leyfi.**

**Ef þið hafið ekki slíkan netaðgang - þá leysum við það á söluvöldunum.**

## Minnivallalækur

Við fengum tvö holl í þessu landsþekkta kristaltæra og frjósama lindarvatni.

Staðsetning:

Minnivallalækur er í Landsveit skammt frá Hellu. Fjarlægð frá Reykjavík: 110 km.

Veitt er hálfur - heill - hálfur. Þetta eru fjórar stangir í tvo daga.

Sjá nánar á: <http://www.stengir.is>

Í boði eru núna 2013:

Dags.

19-21 apríl	2 dagar	4 stangir	150.000 holtið
22-24 maí	2 dagar	4 stangir	150.000 holtið

# Hrolleifsdalsá

Áin fellur í austanverðan Skagafjörð um 18 km. norðan Hofsóss rétt sunnan við kirkjustaðinn Fell í Sléttuhlíð. Þetta skemmtilega veiðisvæði býður upp á mjög fallega sjóbleikju, urriða og laxavon.

Húsið er staðsett í landi Tjarna. Ekinn er þjóðvegur nr. 76 framhá bænum Tjarnir sem leið liggur yfir brúna og tekinn fyrsti afleggjari til hægri.

Veiðitilhögun:

Veitt er í tvo stangardaga frá hádegi til hádegis og veitt er með þremur veiðistöngum allan veiðitímamann.

Daglegur veiðitími er 7-13 og 16-22 frá 1. júní – 14. ágúst, en eftir það frá 7-13 og 15-21

Leyfilegt er að nota flugu, spón, maðk og devon frá ósi og að brúnni á Siglufjarðarvegi. Þar fyrir ofan er spónn ekki leyfður. ATH stangirnar eru seldar saman.

Allar nánari upplýsingar: [www.svfk.is](http://www.svfk.is)

Í boði eru núna 2013:

Dags.	Dagafjöldi	Stangarfjöldi	Verð pr. st á dag
14-16 júlí	2 dagar	3 stangir	9.900
28-30 júlí	2 dagar	3 stangir	9.900
7-9 ágúst	2 dagar	3 stangir	9.900
25-27 ágúst	2 dagar	3 stangir	9.900
4-6 sept	2 dagar	3 stangir	7.900
10-12 sept	2 dagar	3 stangir	7.900

## Fossálar

Staðsetning:

Fossálar eru á Síðu í V-Skaftafellssýslu um 15 km austan við Kirkjubæjarklaustur. Ekinn er þjóðvegur 1 sem leið liggur yfir brúna yfir Fossálar og tekinn fyrsti vegslóði til hægri af þjóðvegi 1 í gegnum merkt hlið þar er slóðanum fylgt, sem er vel merktur þar til að húsinu kemur. Veiðisvæðið nær frá landamærum gegnt Orrustuhól, rétt ofan gömlu þjóðvegjarbrúarinnar og til merkja á Brunasandi þar sem veiðisvæði Vatnamóta tekur við.

Veiðitilhögun:

Veiðitímabil er frá 20. júní – 18. okt.

Leigt er út húsið fjóra daga í senn yfir sumartímamann sem stendur frá 20. júní til 7. ágúst ásamt þremur stöngum frá 22. júní til 7. ágúst.

Veitt er í tvo stangardaga með skiptingu á miðjum degi og veitt er með þremur veiðistöngum allan veiðitímamann. ATH stangirnar eru seldar saman.

Leyfilegt er að nota flugu, spón, maðk og devon. Sjá nánar á [www.svfk.is](http://www.svfk.is)

Dags. 2013	Dagafjöldi	Stangarfjöldi	Verð pr. st á dag
18-22 júlí	4 dagar	3 stangir	1.800
30. júl - 3. ágúst	4 dagar	3 stangir	1.800
21-23 ágúst	2 dagar	3 stangir	12.000
8-10 sept	2 dagar	3 stangir	15.000
22-24 sept	2 dagar	3 stangir	17.200
8-10 okt	2 dagar	3 stangir	17.200

# Reykjadalsá

Staðsetning: Borgarfjörður.

Reykjadalsá í Borgarfirði á upptök sín við rætur Oks og rennur um Reykholtssdal framhjá þeim sögufræga stað Reykholti. Áin sameinast svo Flókadalsá og renna þær saman í Hvítá við Svarthöfða. Ef komið er frá Reykjavík er beygt til hægri af Þjóðvegi 1 áður en farið er yfir Borgarfjarðarbrúna og inn á Borgarfjarðarbraut (veg nr. 50) eknir eru um 30 km sem leið liggur fram hjá afleggjurunum inn í Skorradal og til Hvanneyrar og síðan framhjá syðri afleggjaranum inn í Lundareykjadal. Yfir Grímsá alla leið til Kleppjárnsreykja og er þar tekinn fyrsta beygja til hægri, ekið framhjá félagsheimilinu Logalandi, fljótlega eftir það er tekin vinstri beygja inná slóða til veiðihússins.

Veiðitilhögun: Sjá nánar á [www.svfk.is](http://www.svfk.is)

Veiðitímabil er frá 20. júní – 28. sept.

Veitt er með tveimur veiðistöngum allan veiðitímann og geta tveir menn skipt með sér einni stöng en skulu fylgjast að við veiðar. ATH stangirnar eru seldar saman.

Daglegur veiðitími er 7-13 og 16-22 frá 1. júní – 14. ágúst, en eftir það frá 7-13 og 15-21. Leyfilegt er að nota flugu, spón, maðk.

Dags.	Dagafjöldi	Stangarfjöldi	Verð pr. st á dag
18-20 júlí	2 dagar	2 stangir	24.900 st á dag
15-17 ágúst	2 dagar	2 stangir	32.900 st á dag

# Jónskvísl og Sýrlækur

Jónskvísl

Jónskvísl og Sýrlækur í Landbroti eru mjög fallegar og skemmtilegar veiðiár. Þetta eru fyrst og fremst sjóbirtingssvæði en þó er aðalveiðin yfir sumartímann bleikja og staðbundinn urriði. Mjög gott aðgengi er að ánni.

Um er að ræða tvær stangir sem eru seldar saman.

Sjá nánar á [www.svfk.is](http://www.svfk.is)

Dags.	Dagafjöldi	Stangarfjöldi	Verð pr. st á dag
14-16 júlí	2 dagar	2 stangir	8.000 st á dag
19-21 ágúst	2 dagar	2 stangir	13.000 st á dag
2-4 sept	2 dagar	2 stangir	13.000 st á dag
16-18 okt	2 dagar	2 stangir	11.000 st á dag.

# Grenlækur sv.4 - Fitjaflóð

## Staðsetning:

Grenlækur er staðsettur í Landbroti rétt vestan Kirkjubæjarklausturs og er beygt til hægri af Þjóðvegi nr. 1 rétt áður en farið er yfir Skaftárbrúna og er um 10 mínútna keyrsla þar sem keyrt er yfir árnar Grenlæk, Sýrlæk og Jónskvísl áður en beygt er til vinstri að heimreiðinni að Fossum og Arnardrangi. Þar er ekið sem leið liggur í átt að Arnardrangi en tekinn afleggjari um girðingarhlið til hægri rétt áður en komið er að túnhliðinu við Arnardrang.

## Veiðihús:

Veiðihús er á besta stað í hraunjaðrinum rétt áður en komið er í Flóðið. Húsið er rafvætt og skiptist þannig að það er eldhús, setustofa, snyrting og sturta í annarri álmunni og fjögur tveggja manna (kojur) svefnherbergi í hinni. Gasgrill er á staðnum. Veiðimenn mega koma í veiðihúsið einni klukkustund áður en veiði hefst og skulu rýma húsið klukkan 14 brottfarardag.

Sjá nánar á [www.svfk.is](http://www.svfk.is)

Dags.	Dagafjöldi	Stangarfjöldi	Verð pr. st á dag
5-7 ágúst	2 dagar	4 stangir	13.000 st á dag
30 sept - 2 okt	2 dagar	4 stangir	16.000 st á dag



Veitt í Grenlæk - svæði 4

# Geirlandsá

Geirlandsá á Síðu er staðsett í V-Skaftafellssýslu og er án vafa ein af bestu sjóbirtingsám landsins.

Veiðivon er fyrst og fremst mjög vænn sjóbirtingur með þó nokkurri laxveiði og bleikjuvon.

Áin er 22 km löng bergvatnsá og á upptök sín í Geirlandsárbotnum sem er í 500-600 m.h.y.s. upp á vesturhálandi Kaldbaks. Fiskgengi hluti árinna er um 12 km langur sem nær upp að Hagafossi. Fyrir neðan fossinn rennur áin í hrikalega fögrum gljúfrum sem breikka svo er neðar dregur en þar fer áin að sveigja um gljúfurbotninn og rennur svo um flatlandi þar sem malarbotn er og að lokum á söndum.

Leiðarlýsing að húsi

Ekið er sem leið liggur eftir þjóðvegi 1 til Kirkjubæjarklausturs. Beygt er við hringtorgið á Kirkjubæjarklaustri og keyrt inn áfram um 3 km á veg 203 sem er Geirlandsvegur.

Þar skammt innan við bæinn Geirland er tekin vinstri beygja inn heimreiðina að veiðihúsinu sem er staðsett í skógarlundi undir fjallinu Kylli.

Veiðitilhögun

Veiðitíminn er frá 21.júní til 18.október og auk þess vorveiði (sjóbirtingur) sem hefst 1.apríl ef aðstæður leyfa.

Útseld veiðitímabil í vorveiði er tveir dagar með skiptingu á miðjum degi.

Í sumarveiði frá 21. júní til 3. ágúst eru seldir 3 dagar saman með skiptingu á miðjum degi.(hálfur, heill, heill, hálfur dagur)

Í haustveiði sem er tíminn frá 3. ágúst til 18. okt. eru seldir tveir dagar saman með skiptingu á miðjum degi.

Veitt er með fjórum stöngum allan veiðitímann.

Frá 20.september til 18.október er leyft að veiða í veiðistað númer 15 Flatarhyl og niður á neðsta veiðistað, sama gildir fyrir vorveiðina.

Heimilt er að tveir menn deili með sér einni stöng og skulu þeir fylgjast að við veiðar í ánni. Leyfilegt er að veiða á flugu, maðk, spón eða devon.

ATH. Í vorveiði er eingöngu leyft að veiða á flugu, spón og devon.

Þá er mönnum frjálst að veiða og sleppa.

7-9 apríl	2 dagar	4 stangir	13.000 st á dag
11-13 apríl	2 dagar	4 stangir	10.000 st á dag
15-17 ágúst	2 dagar	4 stangir	19.700 st á dag
2-4 sept	2 dagar	4 stangir	33.900 st á dag
10-12 okt	2 dagar	4 stangir	33.900 st á dag

Stangirnar eru seldar saman.



Öll óseld veiðileyfi SVH fara á  
[www.leyfi.is](http://www.leyfi.is) að lokinni úthlutun og sölu

Þessi síða er laus fyrir auglýsingar  
Upplýsingar: [stjorn@svh.is](mailto:stjorn@svh.is)

Hægt er að fá hinn glæsilega sal félagsins leigðan  
fyrir ýmsar veislur. (Sjá einnig [www.svh.is](http://www.svh.is))  
Upplýsingar veitir: Sigríður s: 5653602 eða 8923037

